


## Lagið hans Maxa



Maxímús Músíkús  
fann sér skjól við feiknarstórt hús.  
Inn svo læddist undurhljótt  
svaf í holu sætt og rótt.  
Maxi, Maxi, Maxi, Maxi mús  
hugfanginn hann trítlar um tónlistarhús.  
Maxímús Músíkús  
músíkmús.



Strengjahljómur sykursætur  
svífur inn í hjartarætur.

*hummað og hermt eftir strengjaleik*

Trommuslög og lipur lúðragjöll,  
litlum músum vekja hlátrasköll.  
Maxímús Músíkús  
músíkmús.

Maxímús Músíkús  
um tónlistina fróðleiksfús.  
Að loknum leik við lófadyn  
hneigir sig öll hljómsveitin.  
Maxi, Maxi, Maxi, Maxi mús  
hugfanginn hann trítlar um tónlistarhús  
Maxímús Músíkús  
músíkmús.

